

MENNING



Morgunblaðið/Ómar

Hrifning Óviðjafnanlega fagurt, segir Jónas Sen um leik Tríós Nordica.

Náttúrustemning og nostalgia

TÓNLIST

Kjarvalsstaðir

Kammertónleikar★★★★★

E. Andrée: Pianótrío í g moll; Brahms: Pianótrío í C dúr; Piazzolla: Oblivion, Libertango og Escualo. Trío Nordica í læk. Sunnudagur 16. mars.

BLÓÐDRAUÐUR sjór og veð-urbarðir sjómenn að berjast við hákarla virðast lítið eiga skylt við sjarmerandi tónsmíð eftir Elfrídu Andrée, sænskt tónskáld sem var uppi á síðari hluta nítjándu aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu.

Alltént gat ég ekki séð þá tengingu á tónleikum Trío Nordica sem haldnir voru á Kjarvalsstöðum á sunnudagskvöldið. Fyrir aftan tríóið, sem skipað er Bryndísi Höllu Gylfadóttur sellóleikara, Auði Hafsteinsdóttur fíðluleikara og Monu Kontra (áður Monu Sandström) píanoóleikara, gat að líta risavaxið málverk eftir færeyska málaraðnn Sámál Joensen Mikines. Af tónlistinni að dæma lifði hann og hrærðist í mun hrjúfari veruleika en sænska tónskáldið. Verk hennar var hrifandi rómantískt og laglínurnar gæddar yndisþokka sem hljóðfæraleikararnir þrír komu fullkomlega til skila í vönduðum og einkar ánægju- legum flutningi. Ekki mikið um blóðuga hákarla þar.

Tríóið fagnar fimmtán ára afmæli um þessar mundir og auðheyr't var að það hefur starfað lengi. Samspilið var sérlega nákvæmt, jafnvægið í styrkleika milli hljóðfæraleikaranna fullkomið og túlkunin áreynslulaus, en samt gædd rétta tilfinningahit- anum.

Jónas Sen

Klassík á Kjarvalsstöðum

TÓNLIST

Kjarvalsstaðir

Klassík á Kjarvalsstöðum: Opnunartónleikar★★★★☆

Leikin var ýmis tónlist eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson. Flytjendur: Nina Margrét Grímsdóttir pianó, Signý Sæmundsdóttir sópran, Þóra Fríða Sæmundsdóttir pianó, Auður Hafsteinsdóttir fíðla, Sigurgeir Agnarsson selló, Rut Ingólfssdóttir fíðla, Richard Simm pianó, Hákon Bjarnason pianó og Hamrahlíðarkórinn undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur. Miðvikudaginn 12. mars kl. 20.

FÓSTURJÖRÐIN hefur verið Sveinbirni Sveinbjörnssyni afar hugleikin, a.m.k. sé tekið mið af þeim fjölda titla á verkum hans sem bera með sér íslensk fyrirbæri eða einfaldlega ættjarðarást. Í fyrra var 160 ára fæðingarafmæli tónskálds- ins fagnað, en Sveinbjörn mætti með vissum fyrirvara kallast fyrsta tón- skáld Íslendinga. Nýjar hljóðritanir á verkum hans hafa loks nýlega ver- ið gefnar út á plötum, og var því kjörið tækifæri að tileinka skáldinu fyrstu tónleika nýrrar tónleikaraðar, Klassíkur á Kjarvalsstöðum.

Efnisskrá tónleikanna var afar fjölbreytt því á boðstólum voru

En þótt sænska tónsmíðin hafi verið skemmtileg, var það í næsta atriðinu á dagskránni, aðalverki þessara klukkustundarlöngu tón- leika, þar sem ég féll í staffi. Ef ég má leyfa mér að vera persónulegur hafði ég engan sérstakan áhuga á að heyra hinn þungmelta Brahms þetta kvöld, en fljótlega eftir að flutning- urinn á Pianótríóinu í C-dúr op. 87 hófst varð ég gersamlega heillaður. Sannfæringarkrafturinn var gríð- arlegur og dulúð tónlistarinnar, náttúrustemningin og nostalgían sem ógerningur er að skilgreina með orðum, heltók mig og hélt mér fongnum út allt verkið.

Sérstaklega áhrifamikill var hæg- ur annar þátturinn, en þar köstuðu hljóðfæraleikararnir einföldu stafi á milli sín, sem tók á sig alls konar myndir, og var það svo eðlilega út- fært og látlaust, en samt svo óvið- jafnanlega fagurt að ég mun aldrei gleyma því. Fyrir mér var það list- ræn opinberun.

Í raun hefði maður ekki þurft neitt meira þetta kvöld. En samt var eftirréttur í boði, þrjú smástykki eft- ir Piazzolla sem runnu einkar ljúf- lega niður, enda leikin af viðeigandi ástríðu.

Notaleg stemning var á tónleik- unum, burtséð frá því andrúmslofti sem sjálf tónlistin skapaði. Mál- verkin eftir Mikines (sem áttu mun betur við Brahms en Andrée) höfðu sitt að segja, en einnig sú staðreynd að ekkert svið er í salnum. Áheyr- endur sátu því nær tónlistarfólkinu en á venjulegum tónleikum, og það auðveldaði manni að sameinast tón- listinni. Og hvílk tónlist!

Jónas Sen

sönglög, píanó- og kammerverk og kórlög. Tónleikarnir höfust á góðum flutningi á því stutta en stórbrotna pianóverki „Idyll“. Þessu fylgdu sex hugvitssamlega smíðuð sönglög þar sem sjarmerandi söngstíll sóprans- ins ómaði vel yfir nokkuð krefjandi pianóleik. Frásagnargleðin var mikil og bætti það aðeins fyrir textaleysi í tónleikaskrá. Áður en tónleikagest- um var hleypt í hlé var svo boðið upp á einn gullmola úr smíðju Svein- björns, pianótrío í a-moll. Léttur og klassískur stíll tónskáldsins skein í gegn í hjartahlýjum flutningi, en sérstaklega ánægjulegt var að hlýða á samspil þremmenninganna.

Að hléi loknu var fíðlusónata Sveinbjörns í F-dúr flutt, en frum- hljóðritun hennar kom út á geisla- diskir rétt fyrir jól. Hátíðarbragur þessara opnunartónleika gat varla verið meiri því undir lokin flutti Hamrahlíðarkórinn fimm lög Svein- björns, þ. á m. þjóðsöng Íslendinga. Í lokin veittu skipuleggjendur Þor- gerði Ingólfssdóttur viðurkenningu fyrir ævistarf sitt í þágu tónlistar- innar og söng óvenju músíkalsskur áheyrendahópurinn Lofsönginn í röddum, hvorki meira né minna.

Alexandra Kjeld

Útungun og endurspeglun

AF LISTUM



Einar Falur Ingólfsson

Við Sigurður Guðmundsson myndlistarmaður ræddum saman á dögunum í tilefni af opnun sýningar með nýjum ljós- mynda- og myndbandsverkum. Sig- urður sagðist reyna að vinna gegn hugmyndum en notaðist þess í stað við myndsynir og ætti fólk að upp- lifa list en vera ekki alltaf að greina hana og leita að einni merkingu. Merkingin þrengdi að upplifuninni.

...

Annað sem hann talaði um er það þegar listamenn skynja að fólk er sérstaklega hrifið af ákveðnum verkum – eins og raunin var með ljósmyndaverkin sem hann hætti að gera fyrir aldarfjórðungi (og mun hafa sagt að hann ætlaði ekki að vinna aftur með ljós- myndir).

„Þegar listamenn fá meðbyr með ákveðnum verkum þá fara þeir að stæla sjálfa sig. Ef ég geri það tek ég fljótt eftir því og verð hugginn. Ég tek minna eftir því hjá öðrum því ég vil alltaf sjá meira og meira af því sem ég elska í verkum þeirra. Ég get þó ekki hugsað mér að standa í því sjálfur, að vera verka- maður verka minna, útungunarvél af eigin endurspeglun af endur- speglun af endurspeglun.“



Mállausir kjarnar Sigurður Guðmundsson við eitt verkanna á sýningunni.



Morgunblaðið/Einar Falur

Listasagan er full af dæmum um hvora tveggja: þá sem héldu sér við þema eða hugmynd sem þeir unnu úr allan sinn feril, eins og Giorgio Morandi sem málaði sín einföldu en heillandi kyrralíf frá þrítugu til dauðadags, og svo hina sem sprendgu gat á hefðina og sneru sér svo að því næsta í staðinn fyrir að njóta ávaxtanna af mögulegri framleiðslu fyrir safnara. Þar er Robert Frank gott dæmi, en eftir að hafa sent lykilverkið The Americans frá sér á sjötta áratugnum sneri hann sér að allt annarskonar ljósmyndun – og negldi nagla gegn- um frumprent verksins svo safn- ararnir væru ekki að angra hann.

...

Sigurður Guðmundsson sneri sér aftur að ljósmyndamiðlinum; konkret miðli sem skráir það sem linsunni er beint að. Og víst er þetta athyglisverð sýning, sem

» Negldi nagla gegn- um frumprent verks- ins svo safnararnir væru ekki að angra hann.

markar ný skref á ferli listamanns- ins og vekur spurningar. Mörg verka sýningarinnar vísa í eldri ljósmynda- verkin en ég heyrir að skoðanir fólks eru skiptar. Hvað er hann að fara með þessum nöktu konum? spyrja sumir; aðrir nefna karlrembu. Í samtali okkar talaði Sigurður um að ákjósanlegt væri að fólk tæki verkin inn en færi ekki strax í að skilgreina þau.

„Það vilja allir skilja allt eins og skot,“ sagði hann. „Ég skil alls ekki verkin mín hér – en ég fíla þau. Þetta eru afleiðingar reynslu. Góð- ar kökur, þótt uppskriftina vanti.“

efi@mbl.is

Stórgóð slagverksveisla

TÓNLIST

Hátíðarsalur HÍ

Háskólatónleikar★★★★☆

Caput frumflutti Niður – þytur – brak eftir Hauk Tómasson, sex ljóð samin við ljóð úr Myrkum figúrum eftir Sjón. Flytjendur: Her- dis Anna Jónasdóttir sópran, Eggert Pálsson slagverk, Pétur Grétarsson slagverk, Frank Aarnink slagverk, Tatu Kantomaa harmónikka. Stjórnandi: Guðni Franzson. Miðvikudaginn 12. mars kl. 12:30.

Á FIMMTU háskólatónleikum ársins var frumflutt nýtt verk eftir Hauk Tómasson, eitt afkastamesta tónskáld Íslendinga um þessar mundir. Óhefðbundin hljóð- færaskipan í verkinu samanstóð af sópran, harmóníkku og slagverkstríói, en það er samsetning sem undirrituð hefur ekki kynnst áður. Lögin sex sem mynda „Niður – þytur – brak“ voru samin á árunum 2000 – 2006 við valin ljóð sem finna má í ljóðabókinni *Myrkar figúrir* eftir Sjón. Ljóðin eru í formi prósa og eru rík af sterkum orð- um sem vísa ýmist til hljóða, gjörða eða ljóslifandi mynda. Ljóðin hafa það jafnframt sameiginlegt að fanga augnablik og tilfinningar á nokkuð áhrifaríkan hátt.

Slagverk og harmónikka, undir tónbilagleiðum sópr- ansöng, sköpuðu magnþrungna kvikmyndastemmninu strax í fyrsta lagi, „Birtingu“. Eins og hljóðfæra- samsetning gefur að skilja lék slagverkið veigamikíð hlutverk í öllum lögum verksins og var eiginlega í for- grunni ásamt sópranróddu. Auk þess var það í ystu æsar, ýmist með æstum áslætti eða draugalegum núningi.

Björt rödd Herdísar hljómaði fallega og hafði hún auð- heyranlega gott vald á breiðu tónsviði. Eins áreynslu-



Morgunblaðið/Kristinn Ingvarsson

Tónskáldið Haukur Tómasson er afkastamikill.

laust og háu nóturnar komu út var ekki síður gaman að heyra lága tónsviðið, t.d. í „harlekin“. Upp mögnuðust hinar bestu rythmaveislur með frábærum sólóum hvers og eins slagverksleikara. Það er ánægjulegt hvað form og uppbygging verka hafa verið vel heppnuð atriði hing- að til hjá Hauki Tómassyni og var hér engin undantekn- ing á því. Í „Uppstigningu á fjöllum“ var hann snúinn í norðan stinningskalda með andardrætti harmóníkk- unnar, braki og brestum í slagverki og dulúðlegum sam- leik marimbu og víbrafóns. Þetta frábæra verk ætti að falla vel í kramið hjá flestum, tónelskum sem taktelskum.

Alexandra Kjeld

Magnaður Mozart

TÓNLIST

Salurinn

Kammertónleikar TKTK★★★★☆

Píanókvartett í g-moll KV 478 og strengjakvintettett í g-moll KV 516 eftir Wolfgang Amadeus Mozart. Flytjendur: Bryndís Pálsdóttir fíðla, Sigurlaug Eð- valdsdóttir fíðla, Ásdís Hildur Runólfs- dóttir víola, Svava Berharósdóttir víola, Pawel Panasiuk selló og Agnieszka Mal- gorzata Panasiuk pianó. Laugardaginn 8. mars 2008 kl. 13.

ÞAÐ kann að vera að langþráð blíðskaparveður hafi dregið úr ann- ars sæmilegri mætingu á seinustu TKTK tónleikumun í Kópavog- inum. Efnisskrá tónleikanna var að þessu sinni helguð Mozart og tveimur kammerverkum hans fyrir

ólíka hljóðfærahópa. Sennilega verður aldrei ausið nægu lofi á snílld tónlistar hans, en það verður einfaldlega að segjast að hún er búin nokkrum eiginleikum sem gæða hana allt að því læknandi áhrifum. Öfgarnar sem heyrast í formi, styrkleika, tóntegundaskipt- um og ýmsu öðru kristalla enn bet- ur jafnvægið sem við flest ásæl- umst og heyrum raunar stöðugt í náðarsamlegum laglinum tón- skáldsins.

Píanókvartettinn í g-moll KV 478 er þekktur gullmoli í dag. Hraður upphafskafinn var leikinn af mikilli flýkt og komst samspilið á gott flug í vel heppnuðum úr- vinnsluhluta. Fínt samspil náðist milli strengja þar sem selló og

víola veittu lauflettum fíðluleik öruggan stuðning. Píanoóleikur var þá ávallt tempraður og í góðu jafn- vægi. Samspil næsta hljóðfærahóps í strengjakvintettinum KV 516 var ágætt, en af bar vandaður og fagur leikur Pawels Panasiuk á sellóíð sem raunar hélst alla tónleikana. Margir staðir hefðu mátt skína meir í menúettnum og lokakafla, en var slíkt erfitt að greina þar eð eyrun eiga ríka tilhneigingu til að ýkja, leiðréttta og draga fram það besta úr öllum meðalgóðum flutn- ingi, sérstaklega þegar Mozart á í hlut. Í heild var samspilið einstíllt og hendingamótanir góðar. Sólskin og hlýtt veður var afskaplega rök- rétt framhald af þessum tónleikum.

Alexandra Kjeld